

Fundur 26.5.2025 dr. Helgi Pjeturss.

Góða kvöldið, komið þið öll blessuð og sæl.

*Já góða kvöldið.*

Vona ég að þið njótið orkunnar sem hér er og samstillingarinnar, og ævinlega er það gott að tala frá stjórnum sambandsstöðvum sem uppi eru staðsett á fjöllum og njóta magnanar fjöldans.

Og hef ég miklar væntingar í brjósti og vonir um framgang íslensku þjóðarinnar og þessa málefnis, og hef ég fulla trú á ykkur Íslendingar, og er það mikilvægt sem aldrei fyrr að þessi mál fái góða framrás.

Og viljum við gleðjast og fagna yfir þeim áföngum sem unnist hafa, á meðan rétt er að viðurkenna ógnir þær sem steðja að og hvetja og brýna alla fylgismenn nær og fjær, til þess að hjálpa til og undirbúa jarðvegin fyrir hina miklu framsókn lífstefnunnar og umbyltingu frá helstefnu yfir í lífstefnu sem fram undan er eins og ég trúi og vona.

Höfum við að undanfögnu eins og áður, þurft að snúast í ýmsu og kljást við ýmis vandamál, og vil ég hér öðru fremur á meðan orka vinnst til, lýsa því hversu mikilvægt það er fyrir ykkur að í framtíðinni rísi stöð ykkar á Öskjuhlíðinni, þar sem mér skilst að fyrir sé bygging sem gæti nýst í slíkar þarfir.

Og langt er, þó mikið er starfið óunnið fram undan og langt í það takmark að þjóðin taki þetta trúanlegt, og að saman safnist því líkur fjöldi í sambandsstöð í Öskjuhlíð ykkar á gamla Íslandi, að sambandsfundir ykkar verði sambærilegir við það sem tíðkast hjá okkur, og að þið getið tekið á móti líkamningum og sent sjálf út fundi eins og við gerum.

En hef ég fulla trú á því að það takist engu að síður og nauðsýlegt er að markið sé hátt og hvika í engu frá hinu mikla marki.

*Þú ert Helgi er það ekki ?*

Já, það er rétt, það er rétt, þakka þér fyrir.

Ég hafði frá ýmsu að segja og vona að orkan nægi til að koma því öllu að, og vildi ég lýsa þessu, var ég viðstaddur þegar öldungurinn Sir Oliver Lodge kom í gegn og voru það merkileg orð hjá honum, þegar hann lýsti því hvernig hömlur eru á samskiptum helstefnu mannkynja og þeirra mannkynja þar sem framlífi er lifað og ekki er þekking á þessum grundvallar atriðum hjá fjöldanum, né samstilling nægileg, til að vel megi ganga.

En það mun vera svo að árásir helstefnu mannkynjanna eru miklar þegar vísindaframfarir eru orðnar miklar, og þegar árásir á trúarbrögðin sem helstefnunni eru háð, eru miklar og hin mikla umbreyting gæti verið í vændum, þótt oft þurfi margar atlögur að slíkum sigri lífstefnunnar og enn þá er tvísýnt um framvindu ykkar framlífs jarðar og verður því að hrinda í rétt horf og mikilvægara en nokkru sinni fyrr.

Hef ég orðið þess var og eitthvað ritað um það, í framlífi, að tengslin á milli framlífs jarða og fyrstu framlífs jarða eru enn sterkari en ég gerði ráð fyrir og örlagamynstrið samofnara en ég taldi, og vona að ég geti lýst því betur síðar, en vil ég í örfáum orðum víkja að öðrum atriðum, meðan orkan er næg, áður en ég verð að kveðja.

Merkilegt er það jarðhræringatímabil sem nú er gengið í garð á Íslandi, þori ég að fullyrða og án þess að ég sé í fullkomlega nógu góðri aðstöðu til að vera viss um það, þá finnst mér margt benda til þess að það tengist öðrum breytingum á jarðskorpunni víðar á jörðunni og aukinni virkni.

Og er mér sem ég hafi skilið það rétt á jörðinni, að það fari saman við hræringar öflugra mannkynja sem áhrif hafa á jörðina, hvort sem menn kalla það Guði eða helstefnu mannkyn, og mun það vera

ljóst að Ísland hefur notið verndar, en höfum við einnig heyrt ógnanir frá helstefnu mannkynjum, sem lýsa því hvernig Hekla og aðrar eldstöðvar geta farið að gjósa með þeim sama blæ og var á fyrri öldum Íslandssögunnar, og þá gæti það farið saman við ef óstjórn verður í stjórnámálum og uppþot og erfiðleikar í framtíðinni.

Hafði ég spáð því meðal ykkar og rannsaka ég það enn af fullri alvöru, hvort svo geti verið og hygg að það megi fullyrða að svo sé.

Og er því enn mikilvægara að starf ykkar gangi vel og hægt verði að bægja þeim ógnum frá og fá aðstoð lífstefnu mannkynjanna til að minnka þær ógnir.

*Það hafa komið miklir jarðskjálftar nú undanfarið, hjá okkur.*

Já það er þó lítið miðað við það sem gæti orðið ef allt fer á hinn verri veg, bæði hvað gos varðar og skjálfta, og það er það sem þarf að forðast að aukin virkni lendi á þeim svæðum sem nálægð eru byggðum og gos verði nálægt þeim stöðum.

En það getur verið miserfitt við að eiga, og þjóðin hefur notið nokkuð góðrar verndar hingað til, hvað sem verður.

En annað mál sem ég ætlaði að tala um hér, næ ekki að, það snertir byggingar hér á félaga ykkar gamla.

Ég verð að koma að því síðar, orkan minnkar, ég þakka kærlega fyrir og ég spái því að, höfum fregnir af því að reynt er að koma vísindum meira í lífstefnu áttina og fá þetta viðurkennt, ég þakka fyrir mig og gangi ykkur sem best og reynum að koma þessu að síðar.

Verið þið sæl.

*Þakka þér fyrir og vertu sæll.*